

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 160/1992.

**Jón Hafsteinn Oddsson vegna
þrotabús Einars Jónssonar**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Mánafelli hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

Skriflega flutt mál. Útivist í Hæstarétti. Kaupsamningur. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1992. Hann gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér 859.276 krónur með tilgreindum dráttarvöxtum frá 5. maí 1984 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda féll þingsókn niður eftir þingfestingu málsins fyrir Hæstarétti. Málið sætir skriflegum flutningi hér fyrir dómi samkvæmt 3. mgr. 158. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1994.

I.

Með kaupsamningi 15. maí 1984 seldi Einar Jónsson stefnda m/b Skálafell, ÍS-100. Samkvæmt samningnum skyldi kaupandi yfirtaka veðskuldir, að fjárhæð 790.724 krónur, og greiða Einari Jónssyni eftirstöðvar kaupverðs, 859.276 krónur. Svo var um samið munnlega milli aðila og er óumdeilt, að útborgað söluverð bátsins skyldi renna til greiðslu á fjárkröfum Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf. á hendur Einari Jónssyni. Þú Einars Jónssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðarsýslu 8. desember 1989. Á skiptafundi í þrotabúinu 11. mars 1991 var Jóni Hafsteini Oddssyni veitt heimild til málareksturs þessa fyrir hönd þrotabúsins samkvæmt 1. mgr. 114. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. nú 130. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

II.

Málsaðila greinir á um, hvort það samkomulag að söluverð m/b Skálafells, ÍS-100, skyldi ganga til greiðslu á fjárkröfum Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf. á hendur Einari Jónssyni, hafi verið efnt. Í héraðsdómi er rakinn málantilbúnaður aðila, eins og þeir lögðu málið fyrir í héraði. Er því haldið fram af hálfu áfrýjanda, að engin bókhaldsgögn hafi verið lögð fram af hálfu stefnda, er sýni millifærslur eða önnur viðskipti milli Einars Jónssonar, Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf. og stefnda. Í raun hafi stefndi enga reikninga greitt né yfirtekið neinar skuldir Einars Jónssonar gagnvart Vélsmiðjunni Mjöltni hf.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að umþrættar millifærslur hafi átt sér stað. Er gerð grein fyrir þeim í bókhaldsgögnum, er fyrir liggja í málinu, reikningsyfirlitum Einars Jónssonar og Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf. Með samanburði á þessum gögnum sé unnt að rekja, hvernig færslur í bókhaldi vélsmiðjunnar séu samrýmanlegar einstökum færslum í bókhaldi Einars Jónssonar. Þannig hafi að jafnaði verið fyrir hendi skuldir Einars Jónssonar við Vélsmiðjuna Mjöltni hf. til að mæta söluverði bátsins.

III.

Í málinu nýtur takmarkaðra heildstæðra gagna um bókhaldsfærslur Einars Jónssonar og Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf. Að engu marki er þar að finna bókhaldsgögn frá stefnda, sem er hlutafélag. Kaupsamningur Einars Jónssonar og stefnda gerir þó ráð fyrir greiðslum frá stefnda á fimm gjalddögum á árunum 1984 og 1985. Þar sem viðskipti aðila voru í því fari, er áður hefur verið rakið, var nauðsynlegt, að ýtarlegra gagna væri aflað úr bókhaldi stefnda og Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf., svo að séð yrði, með hverjum hætti viðskipti um m/b Skálafell, ÍS-100, voru færð.

Verður eigi annað séð af gögnum málsins en að Einar Jónsson hafi einungis haft munnlega staðfestingu á því, að söluverð bátsins til stefnda kæmi að fullu til frádráttar kröfum Vélsmiðjunnar Mjöltnis hf. á hendur honum. Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, varð ekki úr, að Einar Jónsson gæfi munnlega skýrslu við meðferð málsins fyrir héraðsdómi. Brýnt tilefni var þó til þess.

Pegar á þetta er litið, verður að telja, að gögnum málsins og upplýsingum um álitaefni þess hafi verið svo áfátt, að dómur varð ekki

á það lagður. Verður því ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýj-
aða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið að kveðja sérfróða meðdómend-
ur til setu í héraðsdómi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað
frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
